

Alþingi  
Erindi nr. P 135/2298  
komudagur 21.4.2008

KÓPAVOGSBÆR  
Fannborg 2  
200 Kópavogur  
Sími: 570 1500  
Fax: 570 1501  
www.kopavogur.is

Nefndarsvið Alþingis  
Bt. Kjartan Ólafsson  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Kópavogi, 17. apríl 2008  
0802264/001.01 GM

**Efni: Umsögn Kópavogsbæjar um frumvarp til skipulagslaga, mál nr. 374.**

Með vísan til erindis umhverfisnefndar Alþingis frá 26. febrúar s.l. var á fundi bæjarráðs Kópavogs 16. apríl sl. samþykkt tillaga undirritaðra að umsögn Kópavogsbæjar vegna frumvarps til mannvirkjalaga. Er umsögnin dags. 26. mars 2008.

Kópavogsbær leggur til að gerðar verði breytingar á frumvarpinu í samræmi við neðangreindar athugasemdir og ábendingar:

Athugasemdir við III. Kafla – Landsskipulag

Í 10. og 11. gr. frumvarpsins er fjallað um Landsskipulag. Með landsskipulagi er mörkuð stefna stjórnvalda í skipulagsmálum sem varða almannahagsmuni. Gerð landsskipulags er ekki á hendi sveitarfélaganna líkt og svæðis-, aðal- og deiliskipulag, heldur ráðherra og Skipulagsstofnunar. Ráðherra er ekki skylt að hafa samráð við sveitarfélögin við gerð slíks skipulags, heldur aðeins hluteigandi stofnanir og Samband íslenskra sveitarfélaga.

*Umsögn:*

*Gerð landsskipulags hefur verulega áhrif á hagsmuni sveitarfélags og með því er mörkuð stefna í skipulagsmálum og landnotkun. Slíkt skipulag getur bundið hendur sveitarfélags um framtíðar þróun þess. Kópavogsbær gerir verulegar athugasemdir við að slíkt skipulagsstig sé á hendi ráðherra og skipulagsstofnunar, en ekki á hendi sveitarfélagsins sjálfs. Ákvæðið skerðir verulega sjálfákvörðunarrétt sveitarfélaganna í landinu. Kópavogsbær gerir jafnframt verulegar athugasemdir við að ráðherra ætla sér slíkt vald án nokkurs samráðs við viðkomandi sveitarfélag.*

Athugasemdir við VI. Kafla – Svæðisskipulagsáætlanir.

Lagt er til að gerðar verði breytingar á ákvæðum kaflans hvað varðar svæðisskipulagsnefnd og vegna breytinga á svæðisskipulagi Með eldri lögum var ekki eytt óvissu sem upp getur komið þegar ágreiningur ris við breytingar á svæðisskipulagi. Breytingar á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðissins eru í dag alfarið háðar samþykki allra sveitarfélaga sem aðilar eru að skipulaginu. Þetta þýðir að eitt sveitarfélag getur greitt atkvæði gegn breytingum hjá öðru á grundvelli ómálefnalegra

og annarlega sjónarmiða. Í þessu sambandi er vert að benda á að samkeppni er á milli sveitarfélaganna á höfuðborgasvæðinu um uppbyggingu, íbúa og fyrirtæki. Það er því mjög óeðlilegt að framtíðarþróun eins sveitarfélags geti strandað á mótmælum eða atkvæði frá öðru sveitarfélagi. Það er því mjög mikilvægt að gerðar verði breytingar í frumvarpinu í þá veru að sveitarfélag sé ekki alfarið háð einróma samþykki allra sveitarfélaga sem aðild eiga að svæðisskipulaginu vegna breytinga á því. Lagt er því til að settar verði reglur sem taki á ágreiningi á svæðisskipulagsstigi og um afl atkvæða vegna breytinga eða endurskoðunar á svæðisskipulagi höfuðborgasvæðissins.

Athugasemdir við 52. gr. – úrskurðarnefnd skipulags og byggingarmála.

Kópavogsbær leggur til að gerðar verði breytingar á 52. gr. frumvarpsins til samræmis við ákvæði dönsku laganna. Í 52. gr. frumvarpsins er fjallað um úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála. Hlutverk úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála er að kveða upp úrskurði í ágreiningsmálum um skipulags og byggingarmál.

Gífurlegar annir hafa verið hjá nefndinni undanfarin ár og hefur það komið verulega niður á málshraða við afgreiðslu kærumála. Mikill fjöldi af kærum berast nefndinni sem vísað er frá eða þeim er hafnað þar sem þær heyra ekki undir nefndina, þær eru ekki kærarlegar, þær berast of seint eða vegna annarra ástæðna. Ekki er óalgengt að fleiri en ein slík kæra berist nefndinni frá sama aðila. Mikil vinna felst í afgreiðslu þessara mála og er hún auk þess mjög kostnaðarsöm. Það er mat Kópavogsbæjar að auka megi skilvirkni úrskurðarnefndarinnar með því að sett verði ákvæði um málskotsgjald eða kærugjald líkt og í dönsku löggjöfinni. Með málskotsgjaldi er átt við hæfilegt kærugjald sem kærandi greiðir við framlagningu á kæru. Ef úrskurðarnefndin fellst á kæru kæranda fær kærandi gjaldið endurgreitt. Ef kröfum kæranda er hinsvegar hafnað eða þeim er vísað frá er kærugjaldið ekki endurgreitt. Slík gjaldtaka myndi leiða til þess að kærur sem eiga sér litla stoð myndi fækka og málshraði myndi aukast við afgreiðslu annarra mála hjá nefndinni.

Slíka gjaldtöku er að finna hjá dönsku úrskurðarnefndinni samanber meðfylgjandi samþykktir nr. BEK 950 16/9 2004. Gjaldtakan hjá dönsku úrskurðarnefndinni var tekin upp eftir gildistöku laganna og varð reynsla þeirra sú að málum í ákveðnum málaflokkum fækkaði töluvert hjá nefndinni.

Samskonar málskotsgjald/gjaldtöku má finna hjá öðrum úrskurðarnefndum, t.d. úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum, úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki og fleiri nefndum.

Með vísan til þess sem að framan er rakið leggur sveitarfélagið til að sett verði ákvæði í 52. gr. frumvarpsins um málskotsgjald/kærugjald til úrskurðarnefndarinnar og að slíku kærugjaldi sé stillt í hóf.

Samkvæmt 6. mgr. 52. gr. frumvarpsins er kveðið á um að kærandi getur krafist þess að úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála úrskurði um að framkvæmdir skulu stöðvaðar til bráðabirgða séu þær hafnar eða yfirvofandi. Í þessu felst að samhliða kæru á stjórnvaldsákvörðun er jafnframt unnt að krefjast þess að framkvæmdir verði stöðvaðar. Stöðvun framkvæmda má leggja að jöfnu við lögbannsaðgerð samkvæmt lögum nr. 31/1990. Samkvæmt 24. gr. 1. nr. 31/1990 er lögbann skilgreint svo:


„lögbann má leggja við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn einstaklings eða fyrirsvarsmanns félags eða stofnunar ef gerðarbeiðandi sannar eða gerir sennilegt að athöfnin brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti hans, að gerðarþoli hafi þegar hafist handa um athöfnina eða muni gera það og að réttindi hans muni fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum verði hann knúinn til að bíða dóms um þau.“

Með vísan til ákvæðisins er ljóst að hér er um að ræða samskonar aðgerðir sem hafa sömu réttaráhrif. Það er að með stöðvun framkvæmda sem og lögbanni eru aðgerðir sem fyrirhugaðar eru stöðvaðar með stjórnvaldsfyrirmælum.

Samkvæmt lögum um lögbann og kyrrsetningu nr. 31/1990 er gerð krafa um tryggingu úr hendi lögbannsbeiðanda vegna hugsanlegs tjóns sem hlýst af lögbannsaðgerð. Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í fyrirliggjandi frumvarpi til skipulagslaga. Ljóst er að stöðvun framkvæmda af hálfu úrskurðarnefndar getur leitt til verulegs tjóns fyrir framkvæmdaraðila. Það er því mat Kópavogsbæjar að samræmi skuli vera í löggjöf um framangreindar valdheimildir í ljósi réttaráhrifa. Með vísan til þess er það lagt til af hálfu sveitarfélagsins að sett verði í frumvarpið, ákvæði um tryggingargjald vegna stöðvunar framkvæmda.

Ekki eru gerðar frekari athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst.  
f.h. Kópavogsbæjar

  
Birgir H. Sigurðsson,  
Sviðsstjóri

  
Geir A. Marelsson, hdl.

**Meðfylgjandi gögn:**

1. samþykktir fyrir dönsku úrskurðarnefndina.
2. upplýsingar af heimastíðu um gjaldtöku dönsku úrskurðarnefndarinnar.
3. samþykktir fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum.
4. samþykktir fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Den fulde tekst

## Bekendtgørelse om gebyr for indbringelse af klager for Naturklagenævnet

I medfør af § 72 i lov om naturbeskyttelse, jf. lovbekendtgørelse nr. 884 af 18. august 2004, § 40 i lov om råstoffer, jf. lovbekendtgørelse nr. 886 af 18. august 2004, § 54 i lov om planlægning, jf. lovbekendtgørelse nr. 883 af 18. august 2004, § 13 i lov om kolonihaver, jf. lov nr. 476 af 7. juni 2001, § 49 a i lov om beskyttelse af de ydre koge i Tøndermarsken, jf. lovbekendtgørelse nr. 885 af 18. august 2004, samt § 45, stk. 1, nr. 1 i lov om skove, jf. lov nr. 453 af 9. juni 2004, fastsættes:

§ 1. For behandling af klager, herunder anmodninger til genoptagelse, der indbringes for Naturklagenævnet, betales et gebyr på 500 kr., såfremt klagen vedrører afgørelser i medfør af følgende love eller regler udstedt med hjemmel i disse love:

- 1) Lov om naturbeskyttelse.
- 2) Lov om råstoffer.
- 3) Lov om planlægning.
- 4) Lov om kolonihaver.
- 5) Lov om beskyttelse af de ydre koge i Tøndermarsken.
- 6) Lov om skove.

Stk. 2. Indgives flere klager over samme afgørelse, opkræves et gebyr på 500 kr. for hver selvstændig klageskrivelse.

Stk. 3. Uanset stk. 1 betales ikke gebyr for klager over frødningsafgørelser efter naturbeskyttelseslovens § 40 samt klager over ekspansionsbestemmelser efter naturbeskyttelseslovens § 60 og skovlovens § 23, regler fastsat i medfør af naturbeskyttelseslovens § 60a, råstoflovens § 27, planlovens § 47 og Tøndermarsklovens § 33.

Stk. 4. Uanset stk. 1 betales ikke gebyr for klager over afgørelser efter naturbeskyttelseslovens §§ 19d - f.

Stk. 5. Uanset stk. 1 betales ikke gebyr for klager over afgørelser efter skovlovens §§ 19 - 21.

§ 2. Det i § 1 nævnte gebyr skal indbetales til Naturklagenævnet.

Stk. 2. Såfremt Naturklagenævnet ikke ved modtagelse af en klage har modtaget gebyret, fastsætter nævnet en frist for indbetaling af beløbet. Indbetales gebyret herefter ikke inden udløbet af fristen, afvises klagen.

§ 3. Et indbetalt gebyr tilbagebetales, hvis

- 1) klageren får helt eller delvis medhold i klagen, eller
- 2) klagen afvises som følge af overskredet klagefrist, manglende klageberettigelse eller fordi klagen ikke er omfattet af Naturklagenævnets kompetence.

Stk. 2. Spørgsmål om betaling og tilbagebetaling af gebyr afgøres af Naturklagenævnet. Nævnet's afgørelser kan ikke indbringes for anden administrativ myndighed.

§ 4. Denne bekendtgørelse træder i kraft den 1. oktober 2004 og gælder for klager indgivet efter bekendtgørelsens ikrafttræden. Bekendtgørelsen ophæves automatisk den 30. september 2009, medmindre andet bestemmes inden denne dato, jf. Justitministeriets skrivelse nr. 9055 af 28. februar 2002 om en forespørgsning med automatiske ophørsklausuler i visse administrative forskrifter på miljø- og arbejdsmiljøområdet.

§ 5. Bekendtgørelse nr. 47 af 20. januar 2004 om gebyr for indbringelse af klager for Naturklagenævnet ophæves.

Miljøministeriet, den 16. september 2004

Günne Hedegaard







/Anne-Marie Rasmussen

BEK nr 950 af 16/09/2004  
 Ophævelse  
 (Ombybekendtgørelsen)  
 Offentliggørelsesdato: 28-09-2004  
 Miljøministeriet




 [Vis mere...](#)


Selvne sendinger til forskrifter

Løsligning forskriften vedrører

-  LSK nr 749 af 21/06/2007
-  LSK nr 784 af 21/06/2007
-  LSK nr 790 af 21/06/2007
-  LSK nr 792 af 21/06/2007
-  LSK nr 793 af 21/06/2007
-  LSK nr 813 af 21/06/2007

Yderligere dokumenter:

-  Alle cirkulærer, vejledninger m.v. til denne bekendtgørelse
-  Afgørelser truffet i henhold til denne retsforskrift
-  Beretninger fra ombudsmanden, der anvender denne retsforskrift



Forside  
 Alfabetisk oversigt  
 Send til en ven  
 Udskriv

#### Emner

Lovområder
Naturfredning
Klageregler
Vejledninger
<b>Klagegebyr</b>
faq
Vejledning om bekendtgørelse om gebyr
Naturklagenævnet orienterer - NKO
Ledige stillinger

Emner > Klagegebyr

#### Klagegebyr

Naturklagenævnet opkræver et klagegebyr på 500 kr. for klager til Naturklagenævnet over afgørelser truffet af kommuner, amter og fredningsnævn.

Det drejer sig om afgørelser efter planloven (herunder landzonebestemmelserne), naturbeskyttelsesloven, råstofloven, kolonihaveloven og Tøndermarskloven.

Undtaget er klager over afgørelser om ekspropriation ifølge planloven, naturbeskyttelsesloven, råstofloven og Tøndermarskloven. Undtaget er ligeledes klager over fredningsafgørelser og afgørelser efter skovloven og naturbeskyttelsesloven vedrørende Natura 2000 - planer.

Vejledning om bekendtgørelse om gebyr for indbringelse af klager for Naturklagenævnet. Læs vejledningen her

Bekendtgørelse om gebyr for indbringelse af klager for Naturklagenævnet. Læs bekendtgørelsen her

#### Spørgsmål/svar om klagegebyr.

Hvordan og hvornår indbetaler jeg klagegebyret?

Hvad koster det hvis flere klager over samme afgørelse?

Hvornår vil min sag blive behandlet?

I hvilke tilfælde får jeg mit klagegebyr tilbage?

Hvordan tilbagebetales klagegebyret?

# SAMÞYKKTIR

## FYRIR ÚRSKURÐARNEFND UM

### VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

#### *Aðilar að nefndinni*

##### 1. gr.

Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki starfar samkvæmt samkomulagi á milli viðskiptaráðuneytisins, Sambands íslenskra viðskiptabanka, Sambands íslenskra sparisjóða, Samtaka verðbréfafyrirtækja, Sambands lánastofnana og Neytendasamtakanna. Einnig geta einstök fyrirtæki átt aðild að nefndinni.

#### *Skipan nefndarinnar*

##### 2. gr.

Nefndina skipa fimm nefndarmenn sem skulu vera lögráða, hafa óflekkað mannorð og ætíð hafa haft forræði bús síns. Formaður og varaformaður skulu auk þess uppfylla hæfisskilyrði héraðsdómara. Skulu tveir nefndarmenn skipaðir sameiginlega af fjármálafyrirtækjum sem aðild eiga að nefndinni, tveir af Neytendasamtökunum og einn af viðskiptaráðherra og er hann formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og uppfylla sömu hæfisskilyrði. Varamaður formanns er formaður í förföllum hans.

#### *Starfsvið nefndarinnar*

##### 3. gr.

Viðskiptamenn fjármálafyrirtækja sem aðild eiga að nefndinni, sbr. þó b-lið 2. mgr., geta snúið sér til nefndarinnar með kvartanir vegna viðskipta við þau.

Nefndin tekur til meðferðar kvartanir sem varða:

- a. Réttarágreining milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtæki slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé samningssamband milli aðila.
- b. Ágreining um yfirfærslur á milli viðskiptareikninga á milli landa skv. 13. gr. laga nr. 87/1992, með síðari breytingum, hvort sem viðkomandi fjármálafyrirtæki er aðili að nefndinni eður ei.

##### 4. gr.

Fundi úrskurðarnefndar skal boða með hæfilegum fyrirvara. Nefndin er ekki úrskurðarhæf nema hún sé fullskipuð. Úrskurðir skulu vera skriflegir, rökstuddir og undirritaðir af þeim er þátt tóku í afgreiðslu máls. Meirihluti nefndarinnar ræður niðurstöðu úrskurðar. Úrskurðir einir skulu færðir til bókar ásamt rökstuðningi.

##### 5. gr.

Það er skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki.

##### 6. gr.

Nefndin fjallar ekki um:

- a. Ágreining, sem samkvæmt lögum heyrir undir stjórnvöld.
- b. Kröfu viðskiptamanns, sem ekki verður metin til fjár.
- c. Breytingar á almennri gjaldtöku fjármálafyrirtækja.
- d. Ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms.

- e. Mál, sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar. Slík frávísun skal rökstudd. Mál sem vísað er frá á þessari forsendu skal taka til meðferðar að nýju samkvæmt málskoti hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað og kröfugerð skýrð.

## 7. gr.

Nefndin getur vísað máli frá á þeim grundvelli að upplýsingar þær sem fyrir liggja eða aðrar sérstakar aðstæður geri það óhæft til afgreiðslu hjá nefndinni. Frávísun skal rökstudd og henni fylgja upplýsingar um möguleika á meðferð málsins hjá almennum dómstólum eða öðrum aðilum. Hafi mál verið tekið til meðferðar hjá nefndinni en mál vegna þess síðar tekið til meðferðar fyrir dómi vísar nefndin málinu frá.

*Vistun nefndarinnar*

## 8. gr.

Úrskurðarnefndin skal vistuð hjá Fjármálaeftirlitinu sem sér nefndinni fyrir fundaraðstöðu, tekur við kvörtunum til nefndarinnar, annast tilkynningar og sér um vörslu gagna. Um vistun nefndarinnar fer samkvæmt nánara samkomulagi við Fjármálaeftirlitið.

Kvörtun skal afhent Fjármálaeftirlitinu skriflega. Nefndin getur krafist þess að kvörtun sé rituð á sérstakt eyðublað sem hún leggur til. Um leið og viðskiptamaður afhendir kvörtun sína skal hann samþykkja að fjármálafyrirtæki gefi nefndinni allar upplýsingar sem málið varðar. Kvörtunum er ekki veitt viðtaka nema jafnframt sé greitt málskotsgjald.

Þeim starfsmönnum Fjármálaeftirlitsins sem starfa að vistun úrskurðarnefndar eða hafa haft með að gera tiltekin ágreiningsefni sem til umfjöllunar eru í nefndinni er heimilt að sitja nefndarfundi með málfrelsi og tillögurétti.

*Málsmeðferð*

## 9. gr.

Eftir móttöku kvörtunar sendir nefndin gögn sem kvörtuninni fylgja til viðkomandi fjármálafyrirtækis og annarra sem málið kann að varða sérstaklega svo sem ábyrgðarmanna.

Hafi fjármálafyrirtæki ekki sent mótmæli eða athugasemdir til nefndarinnar innan þriggja vikna frá móttöku kvörtunar má afgreiða málið á grundvelli framlagðra gagna nema nefndin samþykki beiðni fjármálafyrirtækis um lengri frest.

Kvörtun má draga til baka á hvaða stigi sem er. Málið fellur niður ef fjármálafyrirtæki og viðskiptamaður ná samkomulagi um lausn þess.

*Gagnaöflun. Starfshættir*

## 10. gr.

Nefndin tekur ákvörðun um hvaða gagna þurfi að afla áður en úrskurður verður felldur. Nefndin getur kallað aðila til skýrslugjafar. Mæti aðili ekki án löglegra forfalla eða neitar að gefa nefndinni þær upplýsingar sem óskað er, getur nefndin vísað málinu frá eða afgreitt málið á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja.

Nefndin getur einnig óskað eftir sérstökum sérfræðiálitum telji hún þess þörf. Almennt skal við það miðað, að viðkomandi fjármálafyrirtæki afli þeirra sérfræðiálita, sem þörf er talin á að aflað verði. Nefndin getur þó ákvarðað að afla slíkra gagna án milligöngu málsaðila og tekur að öðru leyti ákvörðun um gagnaöflun.

## 11. gr.

Úrskurður nefnarinna skal liggja fyrir innan fjögurra vikna frá því að öll gögn tengd viðkomandi kvörtun bárust nefndinni.

Niðurstaða nefndarinnar skal send aðilum með staðfestum hætti innan tíu daga frá því úrskurður er kveðinn upp. Viðskiptamaður skal um leið upplýstur um, að hann geti lagt málið fyrir dómstóla eða aðra aðila sé um það að ræða. Almenn skal veita fjórar vikur frá útsendingu til að fullnægja úrskurði.

Nefndin útbýr ársskýrslu þar sem gerð er grein fyrir störfum nefndarinnar og birtir þá úrskurði er hún telur stefnumarkandi án nafngreiningar aðila. Ársskýrsla skal gefin út fyrir lok apríl vegna næstliðins árs nema málaþjöldi gefi ekki tilefni til árlegrar útgáfu að mati nefndarinnar. Hún skal send aðilum að nefndinni og vera almenningi aðgengileg.

Aðilar að nefndinni og Fjármálaeftirlitið geta gefið upplýsingar um úrskurði hennar án nafngreiningar aðila. Nefndarmenn og starfsmenn Fjármálaeftirlitsins eru að öðru leyti bundnir þagnarskyldu.

## 12. gr.

Þegar nefndin hefur úrskurðað í kvörtunarmáli getur hvor aðili um sig skotið málinu til dómstóla. Þau fjármálaþyrtaeki sem eru aðilar að úrskurðarnefndinni skuldbinda sig þó til að fylgja ákvörðun hennar og greiða hugsanlegar bætur innan þess frests sem ákveðinn er í 11. gr. nema ákvæði 2. mgr. þessarar greinar eigi við.

Hafi úrskurður nefndarinnar veruleg útgjöld í för með sér fyrir viðkomandi fjármálaþyrtaeki eða fordæmisgildi er fjármálaþyrtaeki heimilt innan þess tímafrests sem tilgreindur er í 2. mgr. 11. gr. að tilkynna nefndinni og viðkomandi aðila að það sætti sig ekki við úrskurðinn og muni ekki greiða bætur nema að undangengnum dómi.

*Endurupptaka máls*

## 13. gr.

Nefndin tekur ákvörðun um að mál sem úrskurðað hefur verið af nefndinni skuli tekið fyrir aftur ef fram koma nýjar upplýsingar sem eru þess eðlis að hefðu þær legið fyrir við uppkvaðningu úrskurðar gætu þær hafa leitt til annarrar niðurstöðu.

*Hæfi nefndarmanna*

## 14. gr.

Nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls og skal vika sæti eigi vanhæfisreglur 3. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, við um hann. Nefndarmanni ber að tilkynna meðnefndarmönnum sínum telji hann sig vanhæfan. Jafnframt getur nefndarmaður krafist þess að annar nefndarmaður viki sæti vegna vanhæfis og úrskurðar þá meirihluti nefndarinnar um slíka kröfu viki nefndarmaður ekki sæti af sjálfsdáðum.

Komi til þess að nefndin verði ekki fullskipuð vegna vanhæfis skulu þeir aðilar er að nefndinni standa tilnefna sérstaka nefndarmenn til meðferðar viðkomandi máls í stað þeirra sem vanhæfir kunna að vera.

Leiki vafi á því hvort nefndarmaður er vanhæfur úrskurðar meirihluti nefndarinnar um hæfi hans.



*Málskotsgjald. Kostnaður*

15. gr.

Sé viðskiptamaður einstaklingur greiðir hann málskotsgjald, kr. 5.000, um leið og hann afhendir Fjármálaeftirlitinu kvörtun til úrskurðarnefndar. Málskotsgjald þetta fær hann endurgreitt við afhendingu úrskurðar ef krafa hans er að hluta eða öllu leyti tekin til greina. Heimilt er að endurgreiða viðskiptamanni málskotsgjald falli mál niður með samkomulagi viðskiptamanns og fjármálafyrirtækis.

Sé viðskiptamaður einstaklingur í atvinnurekstri, og kvörtun hans tengist atvinnurekstri hans, greiðir hann málskotsgjald er nemur kr. 15.000 um leið og hann afhendir Fjármálaeftirlitinu kvörtun. Að öðru leyti gilda ákvæði 1. mgr. um einstakling í atvinnurekstri.

Sé viðskiptamaður lögaðili greiðir hann málskotsgjald er nemur kr. 30.000 um leið og hann afhendir Fjármálaeftirlitinu kvörtun. Málskotsgjald þetta fær hann endurgreitt við afhendingu úrskurðar ef krafa hans er að hluta eða öllu leyti tekin til greina.

Annar beinan kostnað vegna nefndarinnar greiða fjármálafyrirtæki sem aðild eiga að nefndinni. Skulu þau gera með sér sérstakt samkomulag þar að lútandi. Þegar um er að ræða kvörtun á grundvelli b-liðar 2. mgr. 3. gr. sem beinist gegn fjármálafyrirtæki sem ekki á aðild að nefndinni ber það sjálft kostnað sem svarar til þóknunar nefndarmanna að frádregnu málskotsgjaldi nema það sé endurgreitt.

Fjármálaeftirlitið ber sjálft þann kostnað sem það hefur af vistun nefndarinnar.

Samningsaðilar geta ákveðið breytingar á málskotsgjaldi. Skal breyting á málskotsgjaldi auglýst í Lögbirtingarblaðinu áður en hún kemur til framkvæmda.

*Starfsreglur. Aðild*

16. gr.

Nefndin setur sér nánari starfsreglur. Fjármálaeftirlitið auglýsir í Lögbirtingarblaðinu hvaða samtök fyrirtækja og einstök fyrirtæki eru aðilar að nefndinni. Breytingar á aðild að nefndinni skulu auglýstar með sama hætti. Skýrt skal koma fram í slíkum auglýsingum að úrsögn taki ekki til ágreinings er upp kann að koma og varðar yfirfærslur á milli viðskiptareikninga á milli landa, skv. 13. gr. laga nr. 87/1992, með síðari breytingum

*Uppsögn. Breytingar. Gildistaka*

17. gr.

Samtök fyrirtækja á fjármagnsmarkaði eða einstök fjármálafyrirtæki sem aðild eiga að úrskurðarnefndinni, sbr. þó b. lið 2. mgr. 3. gr., geta hætt aðild að henni enda sendi viðkomandi samtök eða fyrirtæki formanni nefndarinnar skriflega tilkynningu um það og tekur úrsögn gildi sex mánuðum eftir að hún barst formanni nefndarinnar.

18. gr.

Breyta má samþykktum þessum með samkomulagi þeirra aðila sem tilgreindir eru í 1. gr.

19. gr.

Samþykktir þessar eru staðfestar af framangreindum aðilum og öðlast gildi þann 15. júní 2000. Jafnframt falla úr gildi samþykktir fyrir úrskurðarnefndina frá 26. september 1995.

Reykjavík, 8. júní 2000

Viðskiptaráðherra:

F. h. Neytendasamtakanna:

F. h. Sambands ísl. sparisj.:

F. h. Sambands ísl. viðskiptabanka:

F. h. Sambands lánastofnana:

F. h. Samtaka verðbréfaþyrirtækja:

---

## AUGLÝSING

### um samþykktir fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

1. gr.

Samþykktir fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, dags. 21. nóvember 2005, birtast sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Samþykktirnar tæka gildi þann 1. janúar 2006.

*Viðskiptaráðuneytinu, 12. desember 2005.*

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

*Ólöf Embla Einarasdóttir.*

### Fylgiskjal.

#### SAMÞYKKTIR

#### fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

*Aðilar að nefndinni.*

1. gr.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum starfar samkvæmt samkomulagi viðskiptaráðuneytisins, Neytendasamtakanna og Sambands íslenskra tryggingafélaga.

*Skipan nefndarinnar.*

2. gr.

Í nefndinni sitja þrjú fulltrúar og þrjú til vara, sem allir skulu vera löglærðir og valdir til tveggja ára í senn. Skal formaður nefndarinnar fullnægja skilyrðum til þess að vera dómari samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laga um dómstóla, nr. 15/1998. Viðskiptaráðuneytið, Neytendasamtökin og Samband íslenskra tryggingafélaga velja hver sinn aðal- og varafulltrúa til setu í nefndinni. Nefndin velur sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

*Starfssvið og störf nefndarinnar.*

3. gr.

Nefndin úrskurðar um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og váttryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining, sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Nefndin úrskurðar um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila.

Nefndin úrskurðar hvort ágreiningur aðila heyrir undir nefndina og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að unnt sé að úrskurða í málinu. Telji nefndin svo ekki vera visar hún málinu frá.

4. gr.

Nefndin fjallar ekki um:

- a. ágreining, sem samkvæmt lögum heyrir undir stjórnvöld,
- b. kröfu málskotsaðila, sem ekki verður metin til fjár,
- c. fjárhæð fögjalda váttryggingafélaga,

- d. ágreiningsmál sem er til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms,
- e. mál, sem er það óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar. Slík frávisun skal rökstudd. Mál sem vísað er frá á þessari forsendu skal, gegn greiðslu málskotsgjalds á ný, taka aftur til meðferðar hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað og kröfugerð skýrð.

#### *Málskot og málskotsgjald.*

##### *5. gr.*

Sá aðili sem skýtur máli sínu til nefndarinnar nefnist málskotsaðili. Málskotsaðili getur verið váttryggingartaki, váttryggður, þar á meðal meðváttryggður, réttihafi bóta, tjónþöli og hver sá annar er telur sig eiga rétt til bóta úr váttryggingu eða á annarra hagsmuna að gæta vegna váttryggingarsamnings samkvæmt lögum um váttryggingarsamninga. Málskot verður að fullnægja skilyrðum 1. mgr. 3. gr. um að ágreiningurinn heyri undir starfssvið nefndarinnar. Váttryggingafélög skulu kynna viðskiptavinum sínum með tryggilegum hætti möguleika þeirra á að skjóta málum til nefndarinnar.

Áður en málskotsaðili getur leitað til nefndarinnar skal hann hafa lagt kröfu sínar fyrir hlutaðeigandi váttryggingafélag. Málskot verður að hafa borist nefndinni innan árs frá því að málskotsaðili fékk skriflega tilkynningu váttryggingafélags um að kröfu hans væri háfnað.

Bregðist váttryggingafélag ekki við skriflegri kröfu málskotsaðila innan þriggja vikna frá móttöku hennar er málskotsaðila heimilt að leita með málið beint til úrskurðarnefndar. Þegar sérstaklega stendur á er nefndinni heimilt að taka mál til umfjöllunar þrátt fyrir að framangreindu skilyrði sé ekki fullnægt.

Málskotsaðili skal greiða sérstakt málskotsgjald, sem ákveðið skal af þeim aðilum er standa að nefndinni. Miðað er við að málskotsgjald nemi u.þ.b. þriðjungi beins kostnaðar til nefndarmanna við meðferð máls. Málskotsaðili fær málskotsgjald endurgreitt falli mál honum að hluta eða öllu leyti í vil.

Nefndin útbýr sérstakt eyðublað sem auðveldar málskot til nefndarinnar. Eyðublaðin skulu vera fánleg hjá Neytendasmáttökunum, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, váttryggingafélögum og Fjármálaeftirlitinu.

Málskotsaðili getur á hvaða stigi sem er dregið mál til baka, en fær þá ekki málskotsgjald endurgreitt nema málið sé afgreitt hjá váttryggingafélagi á grundvelli krafna hans. Málskotsgjald er ekki heldur endurgreitt í þeim tilvikum sem máli er vísað frá nefndinni á grundvelli 4. gr. samþykktanna.

Málskot og fylgiskjöl þess skulu vera á íslensku. Óski málskotsaðili eftir að fá að skjóta máli til nefndarinnar á öðru tungumáli en íslensku er það háð samþykki nefndarinnar.

Mál fellur niður leggi málskotsaðili mál í gerðardóm eða höfðar dómsmál.

#### *Gagnasöfnun.*

##### *6. gr.*

Þegar málskotsaðili leggur mál fyrir nefndina skal hann gefa samþykki sitt fyrir því að nefndin fái öll gögn í hendur frá váttryggingafélagi sem varða mál hans. Jafnframt skal málskotsaðili heimila nefndinni að leita upplýsinga hjá þeim aðilum sem hafa komið að málinu á grundvelli fagþekkingar sinnar.

Váttryggingafélag skal láta nefndinni í té þau skjöl og gögn sem málið varðar. Jafnframt skal váttryggingafélag annast tilkynningu um málskotið til viðskiptavinar síns berist málskot til nefndarinnar frá öðrum en honum.

Váttryggingafélagi skal gefinn kostur á að koma gögnum og sjónarmiðum á frambæri við nefndina áður en mál er tekið til úrskurðar innan þess fræsts sem nefndin ákveður hverju sinni.

Sinni aðili máls ekki upplýsingaskyldu getur nefndin úrskurðað í máli telji hún það úrskurðarhæft eða vísað því frá eftir atvikum.

*Fundir og úrskurðir.*

7. gr.

Formaður boðar fundi eftir þörfum. Fundir nefndarinnar eru því aðeins lögmætir að nefndin sé fullskípuð.

Nefndin úrskurðar á grundvelli gagna sem fyrir hana eru lögð eða hún aflar sér. Meirihluti nefndarinnar ræður niðurstöðu úrskurðar. Úrskurðir nefndarinnar skulu vera rökstuddir. Úrskurðir skulu einir færðir til bókar ásamt rökstuðningi. Aðilum máls skal senda úrskurð innan viku frá því að hann var kveðinn upp. Nefndin skal úrskurða innan fjögurra vikna frá því að mál taldist úrskurðarhæft.

Nefndin skal birta alla úrskurði sína án nafngreitingar aðila máls ásamt öðrum upplýsingum um starfsemi nefndarinnar, fyrir lok aprílmánaðar ár hvert vegna næstliðins árs.

Úrskurðir nefndarinnar eru ekki bindandi fyrir málskotsaðila, sem geta ávallt vísað málum til dómstóla þó að þau hafi farið fyrir nefndina. Úrskurður nefndarinnar er bindandi fyrir hlutadeigandi váttryggingafélag nema félagið tilkynni málskotsaðilanum og nefndinni sannanlega innan tveggja vikna frá því að það fékk úrskurð í hendur, að það mundi ekki hlíta honum og færi rök fyrir afstöðu sinni. Ákveði félag síðar að hlíta úrskurðinum, ber félaginu að tilkynna þá ákvörðun til nefndarinnar.

*Vistun nefndarinnar.*

8. gr.

Nefndin skal vistuð hjá Fjármálaeftirlitinu, sem sér nefndinni fyrir fundaraðstöðu, tekur við málskotum til nefndarinnar, annast tilkynningar og sér um vörslu gagna. Málskoti er ekki veitt viðtaka nema málskotsgjald sé greitt. Málskotsaðila skal ætíð kynnt að hann sé óbundinn af úrskurði nefndarinnar og geti höfðað dómsmál um hátt ekki úrskurði hennar.

Starfsmanni Fjármálaeftirlitsins er heimilt að sitja nefndarfundi með málfreið og tillögurétt.

*Sérstakt vanhæfi nefndarmanna.*

9. gr.

Nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls og skal víkja sæti eigi vanhæfisreglur 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála við um hann. Nefndarmanni ber að tilkynna með nefndarmönnum sínum telji hann sig vanhæfan. Jafnframt getur nefndarmaður krafist þess að annar nefndarmaður víki sæti vegna vanhæfis og úrskurðar þá meirihluti nefndarinnar um slíka kröfu víki nefndarmaður ekki sæti af sjálfdáðum. Komi til þess að nefndin verði ekki fullskípuð vegna vanhæfis er aðilum þeim sem að henni standa heimilt að skípa sérstaka nefndarmenn til meðferðar viðkomandi máls í stað þeirra sem vanhæfir kunna að vera. Nefndarmaður getur ávallt sagt sig frá máli telji hann sig vanhæfan.

*Endurupptaka máls.*

10. gr.

Nefndin getur tekið ákvörðun um að mál sem úrskurðað hefur verið af henni skuli samkvæmt skriflegri beiðni tekið fyrir að nýju á grundvelli nýrra upplýsinga, sem ekki var unnt að afla eða koma á framfæri þegar mál var tekið fyrir og geta haft áhrif á niðurstöðu þess. Ekki skal innheimta málskotsgjald við endurupptöku.

*Kostnaður.*

11. gr.

Fjármálaeftirlitið greiðir kostnað vegna umsýslu og vistunar nefndarintátt. Beinan kostnað til nefndarmanna að frádregnu málskotsgjaldi, þegar við á, greiða þau váttryggingafélög sem aðild eiga að málum.

*Breytingar. Uppsögn. Gildistaka.*

12. gr.

Samþykktum þessum verður ekki breytt nema með samþykki allra aðila sem að nefndinni standa. Samþykktir þessar eru uppsagianlegar með sex mánaða fyrirvara.

13. gr.

Aðilar staðfesta samþykktir þessar með undirritun sinni og öðlast þær gildi þann 1. janúar 2006.

Samþykktir þessar skulu birtar í Stjórnartíðindum.

*Reykjavík, 21. nóvember 2005.*

**Valgerður Sverrisdóttir**  
viðskiptaráðherra.

F.h. Neytendasamtakanna,  
Jóhannes Gunnarsson.

F.h. Sambands íslenskra tryggingafélaga,  
Sigrún Ármannsson.